

1969 til greiðsludags gegn útgáfu afsals fyrir eigninni nr. 35 við Garðaflöt í Garðahreppi og kr. 45.000.00 í málskostnað.

Gagnstefndi, Jón V. Jónsson s/f, greiði gagnstefnendum, Gunndóri Sigurðssyni og Ingibjörgu Ingólfisdóttur, kr. 16.380.00 með 8% ársvöxtum frá 16. september 1970 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. maí 1971.

Nr. 6/1971. **Einar Sigurðsson**
 (Sigurður Sigurðsson hrl.)
 gegn
 Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, og skipstjórnarnir Angantýr Eliasson og Einar Guðmundsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1971. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 168.296.90 með 7% ársvöxtum frá 4. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að spjöll þau á m/b Stellu, VE 27, sem í málinu greinir, hafi orðið með þeim atvikum, að hann geti kafið stefnda um vátryggingarbætur vegna þeirra til viðbótar þeim bótum, sem stefndi hefur

samþykkt að greiða og þegar innt af hendi. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Sigurðsson, greiði stefnda, Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 19. nóvember 1970.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 30. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Einari Sigurðssyni, Bárugötu 2, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1969, birtri 21. marz 1969, á hendur Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins þeim Marteini Tómassyni formanni, Laugarbraut 1, Vestmannaeyjum, Jónasi Jónssyni, Urðarvegi 16 s. st., Sigurgeir Ólafssyni, Boðaslóð 26 s. st., Sighvati Bjarnasyni, Brimhólabraut 18 s. st., og Jóni Sigurðssyni, Vestmannabraut 44 s. st., til greiðslu bóta fyrir tjón, sem bátur stefnanda, m/b Stella, VE 27, varð fyrir í Grindavíkurhöfn sumarið 1966, en báturinn er tryggður hjá stefnda.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verður dæmdur til að greiða honum kr. 168.296.90 ásamt með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 4. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Í sjótleiksskýrslu, undirritaðri af Halldóri H. Jónssyni, skipstjóra á m/b Stellu, VE 27, segir á þessa leið:

„Mánudaginn 30. júlí erum á humarveiðum austur af Grindavík, þá bilar gir vélarinnar, og komumst við naumlega inn til Grindavíkur og vorum látnir leggjast við suðaustur garðinn, en þar lágum við næst garðinum.

Um nóttina hvessti, og mikill súgur kom í höfnina, og barðist báturinn nokkuð við garðinn og bátana, sem utan á voru, en

margir komu inn um kvöldið vegna veðurs, en við lágum þarna í þrjá daga með bilaða vél og gátum ekki hreyft okkur.

Báturinn virðist hafa laskast eitthvað á báðum síðum“.

Undir skýrslunni stendur: Reykjavík, 1966, en mánaðardagur ekki tilgreindur.

Síðan er nafn skipstjóra.

Í máli þessu krefst stefnandi bóta fyrir tjón, er báturinn varð fyrir í umrætt sinn. Engin sjópróf voru haldin vegna tjónsins, og er mál þetta hófst, voru ekki lögð fram önnur gögn um tildrög þess en sjótjónsskýrslan, sem nú hefur verið tilfærð.

Málið var lagt undir flutning, flutt og dómtekið 25. febrúar s.l., en með úrskurði, uppkveðnum 5. marz s.l., var aðiljum gefinn kostur á að koma að frekari upplýsingum og sérstaklega á það bent, að ástæða væri til, að réttarskýrslur væru teknar af skipstjóra og skipverjum um skemmdirnar, sem báturinn varð fyrir í Grindavíkurhöfn eftir komuna þangað 30. júlí 1966. Leiddi þetta til þess, að réttarskýrsla var tekin af skipstjóra í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 2. júlí s.l. Hins vegar voru engar réttarskýrslur teknar af öðrum skipverjum. Í réttarskýrslu sinni tók skipstjórinn fram, að hann hefði tekið við bátnum í maí 1966 og farið með skipstjórn fram í september s. á. Hann kvaðst hafa fyrir eigið frumkvæði samið og undirritað skýrsluna, sem hér er ofan er tilfærð, en hvenær mundi hann ekki, en taldi, að það hefði ekki verið löngu eftir 30. júlí 1966. Hann kvaðst hafa haldið dagbók og punktað þar niður, ef eitthvað sérstakt kom fyrir. Sú bók væri ekki lengur til, hún væri glötuð. Hann kvaðst minnst þess, að þegar skemmdirnar urðu á bátnum í Grindavíkurhöfn, hafi friholtin slitnað af og engin friholt verið á steinbryggjunni, sem báturinn lá við. Hann kvaðst eigi geta gert nánari grein fyrir skemmdunum á bátnum en gert er í skýrslu hans. Ekki kvaðst hann muna, hvort báturinn hefði þarfnast einhverrar endurnýjunar, áður en hann kom í Grindavíkurhöfn. Hann tók fram, að báturinn hefði verið sjófær eftir slysið, enda hafi áhöfnin ekki verið afskráð, sem ella hefði verið gert. Viðgerð fór fram á bátnum síðar á árinu, eins og nánar verður að vikið. Ekki kveðst skipstjórinn hafa fylgt með þeirri aðgerð.

Vottorð frá Veðurstofunni liggur fyrir um vind og sjólag á Eyrarbakka og Reykjanesi dagana 30. júní til 3. júlí 1966. Á Reykjanesi var sjólítið og vindur norðlægur, 2—3 vindstig fram eftir deginum 30. júní, en dálítill sjór kl. 2400 og vindur 5 stig. 1. júlí var dálítill sjór og vindur úr norðri, 4—5 vindstig. 2. júlí

var sjólítið fyrri hluta dagsins, en síðan gráð og vindur norðlægur allan daginn, 1—2 vindstig. 3. júlí var gráð allan daginn og vindur oftast norðlægur, 1—2 vindstig. Á Eyrarbakka var talsverður sjór fram til kl. 1500 þann 30. júní, en síðan dálítill sjór. Vindurinn var norðlægur, 2—3 vindstig. 1. júlí var sjólítið allan daginn og vindur úr norðri, 2—6 vindstig. 2. júlí var gráð allan daginn og vindur NNV, SV og N, 1—3 vindstig. Hinn 3. júlí var gráð allan daginn og vindur sunnan og suðvestlægur, 1—4 vindstig.

Haustið 1966 framkvæmdi skipasmíðastöðin Dröfn h/f í Hafnarfirði viðgerð á m/b Stellu, VE 27. Með bréfi, dags. 25. desember 1966, sendi stefnandi hinu stefnda félagi reikninga yfir viðgerðina, sem virðist hafa numið kr. 431.008.31. Um svipað leyti eða ef til vill aðeins fyrr hafði félaginu borizt sjótjónsskýrsla skipstjóra, sem áður er getið um. Virðist það hafa verið fyrsta tilkynning um sjótjónið, sem félaginu barst. Félagið sendi virðingarmenn sína til Hafnarfjarðar til þess að kynna sér viðgerðina á skipinu. Skiluðu þeir skoðunar- og matsgerð, dags. 4. janúar 1967, á tjóni, sem félaginu kynni að vera skylt að bæta. Matsfjárhæðin nam kr. 195.820.00. Á stjórnarfundi í félaginu 12. janúar 1967 var samþykkt að bæta stefnanda tjónið í samræmi við niðurstöður virðingarmannanna, eða með kr. 176.238.00, en 10% skyldi stefnandi greiða sjálfur samkvæmt tryggingarskilmálum. Þessi fjárhæð, kr. 176.238.00, var síðan færð stefnanda til tekna á viðskiptareikningi hans hjá félaginu. Jafnframt var samþykkt að bæta tjón á skrófu samkvæmt reikningi, sem fyrir lá, og virðist hafa numið kr. 30.839.60.

Lögfræðingur stefnanda svaraði með bréfi, dags. 1. febrúar 1967. Kvaðst hann mótmæla skoðunar- og matsgerðum frá 4. janúar og einnig ákvörðun félagsins um að bæta vélartjón með kr. 27.755.64 (90% af kr. 30.839.60), þrátt fyrir það að reikningar vegna þess næmu kr. 52.670.37. Vélartjónið virðist hafa átt sér stað 3. ágúst um sumarið. Krafðist stefnandi þess, að reikningar fyrir viðgerðina yrðu lagðir til grundvallar ákvörðun tjónbóta. Óskaði hann eftir svari fyrir 6. þ. m., en að þeim degi liðnum kvaðst hann leggja ágreining fyrir gerðardóm til úrskurðar, sbr. 32. gr. laga um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Stefndi svaraði með bréfi, dags. 9. febrúar 1967, og kvað ekkert tjón á bátnum hafa verið tilkynnt félaginu, þegar tjónið átti að hafa átt sér stað, nema skrófutjónið. Hafi því verið brotið gegn 19. gr., 2. mgr., félagslega fyrir bátaábyrgðarfélagið. Engum

skýrslum skipstjóra um sjótjón var skilað félaginu fyrr en með bréfi, móttæknu 24. desember 1966, en því fylgdu ófullkomnar skýrslur. Þrátt fyrir þetta og umfram skyldu hafi félagið látið fara fram mat á meintum tjónum og gert upp miðað við mötin. Á það var bent, að ekki hafi verið krafizt yfirmats samkvæmt 15. gr. laga bátaábyrgðarfélagsins, sbr. 13. gr. laga Samábyrgðar Íslands. Frekar en þegar væri greitt kvað félagið sér óskylt að greiða, þar sem viðgerðin væri að öllu leyti vegna eðlilegs viðhalds bátsins, óviðkomandi bátaábyrgðarfélaginu sem váttryggjanda. Að lokum mótmælti félagið, að málið færi fyrir gerðardóm, eins og það væri vaxið.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 1967, óskaði stefnandi eftir, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði tilnefndi þrjá hæfa og óvilhalla menn til þess að framkvæma yfirmat samkvæmt 9. mgr. 13. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 61/1947 á mati virðingarmanna bátaábyrgðarfélagsins svo og vélartjóni, sem áður er rætt um. Með bréfi, dags. 22. febrúar 1967, óskaði stefnandi eftir, að bæjarfógeti legði yfirmatsmönnum fyrir að skoða og meta önnur tjón, sem á skipinu voru og gert hefði verið við, og segja til um líklegar orsakir þeirra. Í greinargerð sinni upplýsir umboðsmaður stefnanda, að fyrir honum hafi vakað að fá metið tjón á byrðingi við framstefnið, sem stefnandi taldi þó, að stefndi væri ekki bótaskyldur fyrir, en taldi sér hagkvæmt að fá metið um leið.

Yfirmatsmenn voru dómkvaddir 15. febrúar 1967, og skoðun á skipinu fór fram í dráttarbraut Drafnar h/f í Hafnarfirði þann 23. febrúar 1967. Umboðsmenn voru mættir af hálfu bátaábyrgðarfélagsins og stefnanda, og enn fremur var mættur umboðsmaður af hálfu skipasmíðastöðvarinnar. Umboðsmenn bátaábyrgðarfélagsins lýstu yfir, að félagið mundi greiða bætur fyrir tjón á skrófu samkvæmt reikningi, og tóku yfirmatsmennirnir þar af leiðandi það atriði ekki til meðferðar. Þeir gengu frá matsgerð 4. marz 1967 í VI liðum, og eru þeir þessir:

I. Byrðingur við framstefni	kr. 37.464.00
II. Kinnungur, stjórnborðsmegin	— 92.503.00
III. Öldustokkur aftan, stjórnborðsmegin	— 36.914.00
IV. Kinnungur, bakborðsmegin	— 87.955.00
V. Byrðingur, bakborðsmegin á miðsíðu	— 75.597.00
VI. Byrðingur, bakborðsmegin um sjómál	— 54.292.00

Alls kr. 384.725.00

Matsmennirnir tóku fram í matsgerð sinni, að þeir teldu sér ekki fært að segja fyrir um orsakir tjónanna, vegna þess að viðgerð var að mestu lokið, er skoðun fór fram.

Matskostnaður, þóknun til matsmanna, akstur o. fl. nam kr. 32.000.00.

Tæpum tveimur árum eftir að matið fór fram, eða hinn 26. janúar 1970, mættu matsmennirnir fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og staðfestu matsgerð sína. Tveir þeirra voru spurðir að, hvernig þeir hafi greint á milli þeirra tjóna, sem rætt er um í matsbeiðnunum frá 9. febrúar og 22. febrúar 1967, og var svar annars þeirra á þá leið, að hver flokkur í matsgerðinni eigi við um sérstakt tjón, en ekki gæti hann svarað spurningunni án frekari umhugsunar eða viðtals við sammatsmenn sína, enda væru nær þrjú ár liðin, frá því að umrædd matsgerð var gerð. Hinn vísaði að öllu leyti til sundurliðunar í matsgerðinni sjálfri. Báðir kváðu þeir matskostnaðarreikninga þeirra ná yfir mat samkvæmt fyrri og síðari matsbeiðninni.

Með bréfi, dags. 15. marz 1967, sendi stefnandi matsgerðirnar til hins stefnda félags og krafðist greiðslu á matsfjárhæðinni, kr. 384.725.00, bóta fyrir vélartjón, slippleigu og matskostnaðar svo og innheimtulauna, allt að frádreginni þeirri upphæð, sem þegar hefur verið greidd upp í viðgerðarkostnaðinn, og að frádreginni samangæðri skuld skipsins við félagið.

Af hálfu hins stefnda félags var bréfi þessu svarað með bréfi, dags. 18. marz 1967. Var kröfum stefnanda mótmælt, að undanskildum bótum fyrir vélartjón, sem félagið samþykkti að greiða samkvæmt reikningi. Aðrar kröfur taldi félagið að öllu leyti rangar. Stefnandi hafi vanrækt að tilkynna tjón á bátnum innan eðlilegs tíma og hafi þar af leiðandi glatað rétti til bóta, sem hann kynni að hafa átt. Þrátt fyrir það og umfram skyldu hafi félagið greitt honum bætur samkvæmt mati virðingarmanna félagsins. Yfirmatið, sem stefndi lét framkvæma, hafi ekkert gildi, m. a. vegna þess að það fór ekki fram innan lögmæltis tíma.

Frekari bréfavíðskipti fóru fram milli aðilja. M. a. var rætt um, hvort málið skyldi fara fyrir gerðardóm, og urðu aðiljar ekki á eitt sáttir. Taldi félagið, að málinu væri þann veg farið, að það ætti ekki að fara fyrir gerðardóm, og neitaði að samþykkja þá meðferð. Höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður segir. Kröfur sínar byggir hann á yfirmatinu, en fellir niður I. lið eða I. flokk í matsgerðinni.

Kröfur hans sundurliðast á þessa leið:

Viðgerðarkostnaður samkvæmt yfirmati II—VI, kr.

347.261.00, og hluti stefnda þar af 90% kr. 312.534.00

Kostnaður við yfirmat — 32.000.00

kr. 344.534.00

Þar frá dregst greiðsla frá stefnda — 176.238.00

Mismunur, skuld stefnda kr. 168.296.90

Karl Guðmundsson, trúnaðarmaður Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, mætti sem vitni í málinu. Hann skýrði svo frá, að síðla árs 1966 hefði félaginu borizt reikningar og tjónsskýrsla út af tjóni, sem átti að hafa átt sér stað um vorið. Áður hafði félaginu engin tilkynning borizt um tjón þetta. Hann sagði, að báturinn hefði verið yfir 20 ára gamall, og kvaðst hann telja, að þegar viðgerð fór fram, hafi ýmislegt verið endurnýjað, sem var algerlega óviðkomandi tjóninu, sem varð á bátnum um vorið. Þá tók hann fram, að félaginu hefði ekki verið gefinn kostur á að fylgjast með viðgerðinni. Einnig skýrði hann svo frá, að Einar Gíslason ríkisskoðunarmaður hefði sagt honum, að hann hefði veitt athygli skemmdum á bátnum vegna íss, áður en hann var tekinn í tryggingu hjá bataábyrgðarfélaginu. Einar Gíslason var ekki leiddur sem vitni.

Eins og áður er að vikið, eru í yfirmatinu ekki einungis teknar til meðferðar þær skemmdir á bátnum, sem rætt er um í mati virðingarmanna bataábyrgðarfélagsins, heldur er einnig lagt mat á annað tjón á bátnum. Að öðrum þræði er því hér um undirmat að ræða. Svo er um I. flokk í yfirmatinu, kr. 37.464.00, sem sleppt er í kröfugerð. Svo er einnig um III. flokk, kr. 36.914.00, sem tekinn er með í kröfugerð. Hins vegar virðist II., IV., V. og VI. flokkur í yfirmatinu eiga við þær sömu viðgerðir, sem rætt er um í mati virðingarmanna bataábyrgðarfélagsins. Yfirmatsmennirnir meta viðgerðina á kr. 310.347.00, en virðingarmenn bataábyrgðarfélagsins á kr. 195.820.00. Mismunurinn nemur kr. 114.527.00 og liggur aðallega í vinnulaunum. Yfirmatsmenn áætla verðmæti efnis til viðgerða skemmdunum á kr. 42.793.00, en í undirmati er efnið áætlað kr. 36.890.00, eða kr. 5.903.00 lægra en gert er í yfirmati. Í undirmati er vélavinna, slippgjöld og vinnulaun áætluð kr. 158.930.00, en í yfirmati eru sömu liðir áætlaðir kr. 267.554.00, eða kr. 108.624.00 hærri en gert er í undirmati.

Bæði í lögum bátaábyrgðarfélagsins og í lögum um váttryggingarsamninga er váttryggðum lögð á herðar skylda að tilkynna bótaskyld tjón. Í 19. gr. laga um Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja segir, að í hvert sinn sem bátur í ábyrgð félagsins verði fyrir tjóni, sem félaginu er ætlað að bæta, skuli eiganda eða formanni bátsins skyld að afhenda þegar í stað skriflega skýrslu til félagsstjórnarinnar um skaðann og orsakir hans. Skýrslan skal vera undirrituð af skipstjóra og tveim skipverjum. Í 21. gr. laga um váttryggingarsamninga segir, að þegar váttryggingaraburður hafi gerzt, skuli váttryggður þegar í stað skýra félaginu frá því, ef hann ætli að hafa uppi kröfur á hendur því vegna hans. Síðar í greininni er rætt um afleiðingar þess, ef váttryggður vanrækir tilkynningarskyldu sína. Getur það í sumum tilfellum orðið til þess, að bótakröfur verði lækkaðar eða þær látnar falla niður.

Stefnandi lét með öllu undir höfuð leggjast að tilkynna tjón á bátnum á þeim tíma og á þann veg, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lagagreinum. Tilkynning um váttryggingaraburðinn var ekki send þegar í stað, eftir að hann hafði gerzt, heldur löngu síðar og ekki fyrr en viðgerð á bátnum var að mestu lokið. Barst félaginu þá í hendur sjótjónsskýrsla skipstjóra, sem hér að framan er tilfærð. Sjótjónsskýrslan er ódagsett og undirrituð af skipstjóra einum, en ekki af skipstjóra og tveim skipverjum, eins og vera bar. Skýrsla þessi er ófullkomin. Gerð er raunar grein fyrir orsökum skaðans, en um skaðann eða skemmdirnar sjálfar segir aðeins: „Báturinn *virðist* hafa laskazt eitthvað á báðum síðum“. Er skipstjórinn mætti fyrir rétti, meðan mál þetta var í gangi, lýsti hann því yfir, að hann gæti ekki gert frekari grein fyrir skemmdum á bátnum en gert er í skýrslu hans. Engir af skipverjum bátsins voru leiddir sem vitni þrátt fyrir gefið tilefni af hálfu réttarins. Ekki voru heldur önnur vitni leidd. Upplýsingar Veðurstofunnar um sjólag og veðurlag gefa ekki ástæðu til að ætla, að báturinn hafi orðið fyrir skemmdum í Grindavíkurhöfn í umrætt sinn. Fyrirliggjandi gögn færa því ekki sönnur á né leiða að því viðunandi líkur, að bótaskyld tjón hafi átt sér stað.

Áður er þess getið, að þegar bótakrafa stefnanda kom fram, hafi hið stefnda félag látið virðingarmenn sína skoða og meta skemmdir á bátnum, og að mati þeirra loknu samþykkti stjórn félagsins að greiða stefnanda bætur samkvæmt matinu. Af yfirmatinu má ráða, að mat virðingarmannanna muni vera lægra en sannvirði viðgerðanna nemur. Af hálfu stefnanda er þess

Rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Uppsaga dómsins hefur dregið vegna anna formanns dómsins við lögtök og innheimtur og daglega afgreiðslu.

Stefndi, Bataabyrgðarfélag Vestmannaeyja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Sigurðssonar, í máli þessu.

[illegible]

Nr. 9/1971. Landeigendafélag Laxár og Mývatns
 (Sigurður Gizurarson hrl.)
 gegn
Laxárvirkjun (Friðrik Magnússon hrl.).

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds og Logi Einarsson og
prófessor Gaukur Jörundsson, Þórður Björnsson yfirsakadómari
og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Lögbannstrygging.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1971. Dómkröfur hans eru þær, að lagt